

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Brautarholts í Skeiðahreppi nr. 77 7. febrúar 1979,
með síðari breytingum.**

5. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins er sem hér segir á mánuði:

1. Hemlagjald:

a) Fyrir hemla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 10,15.

b) Fyrir hemla 1"—2" kr. 20,25.

2. Vatnsgjald kr. 15.20 fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

3. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

7. gr. orðist svo:

Heimðagjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa og vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400 m³ kr. 5 819,00.

Hús 400—2000 m³ kr. 5 819,00 fyrir 400 m³ og kr. 5,10 á hvern rúmm. þar fram yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 14 007,00 fyrir 2000 m³ og kr. 3,60 á hvern rúmm. þar fram yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslis hemil umfram einn á sama inntaki er kr. 874,00.

Heimðagjald er gjaldkræft, þegar tengingu heimæðar er lokið.

8. gr. orðist svo:

Hitaveitu Brautarholts er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkv. 7. gr. í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar, 1. janúar 1982 909 stig, breytist, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

10. gr. orðist svo:

Hitaveitan hefur rétt til að láta loka fyrir rennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 25,00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. febr. 1982 sbr. auglýsingu nr. 15/1982 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.